

# Skýrsla stjórnarformanns 2017

## STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 9. mars 2017 hefur stjórn SAM haldið fimm bókaða fundi. Á fundum stjórnar var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara og rekstur SAM. Einnig fjallaði stjórn SAM um og gerði tillögu að greiðslumarki fyrir verðlagsárið 2018.

Önnur mál sem stjórn SAM hefur meðal annars fjallað um frá síðasta aðalfundi eru mjólkuruppgjör vegna 2016 og 2017, framkvæmd á nýjum búvörusamningi, skipan í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga og aðferðir til að fylgjast með breytingum í stærð íslenska kúastofnsins.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn SAM tilnefnt eða skipað fulltrúa í:

Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins;

Tilnefnd voru Jóhanna Hreinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson; en til vara er Sæmundur Jón Jónsson.

Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands;

Tilnefnd var stjórn SAM; Jóhanna Hreinsdóttir, Jóhann Nikulásson, Árni Sigurðsson og Egill Sigurðsson.

Sem stuðningsfulltrúi í Fagråd nautgriparæktarinnar er tilnefndur Björn S. Gunnarsson.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins;

Skipaðir voru Jóhanna Hreinsdóttir, Margrét Gísladóttir framkvæmdastjóri LK og Björn S. Gunnarsson.

Samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga;

Tilnefnd var Jóhanna Hreinsdóttir

## FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2017

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2017 og var 151,1 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2016 var framleiðslan 150,3 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda 2017 var 258.762 lítrar og jókst um 6.543 lítra á árinu, eða 2,6%. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 584 og hafði fækkað um 12 á árinu, eða 2%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 2,2% á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2017 var 144 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 151.116.946 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 7.204.700 lítrar. Greiðslumark ársins 2018 var ákveðið 145 milljónir lítra, en SAM gerði tillögu til Búnaðarstofu Matvælastofnunar um að greiðslumark yrði 146 milljónir lítra.

Sala mjólkurvara árið 2017 var góð og jókst salan hvort sem litið er til sölu umreiknað á fitu- eða próteingrunn, söluaukning var þó minni en árið 2016. Á fitugrunni nam sala árið 2017 rúmum 145,1 milljónum lítra sem var 4,2% aukning frá árinu 2016. Á próteingrunni var sala 132 milljónir lítra og jókst um 2,3% á milli ára. Söluaukning var því mun meiri á fitugrunni og munur á sölu á fitugrunni og próteingrunni jókst um 3 millj. lítra á milli ára og var 13,1 millj. lítra árið 2017 (samsvarar rúmlega 1.000 tonnum af undanrennuþufti).

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 446 tonn á milli ára. Aukning í innflutningi nam 184 tonnum af osti og 239 tonnum af jógúrt og öðrum ferskum vörum. Einnig jókst innflutningur á dufti um 19 tonn.

Innflutningur árið 2017 samsvarar um 5,5 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 3,6 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða minnkaði um 1.214 tonn frá árinu 2016. Útflutningur á skyri og skyrdrykk minnkaði um 220 tonn, útflutningur á undanrennudufti um 1.050 tonn og útflutningur á Smjöri um 379 tonn. Útflutningur á ostum jókst um 435 tonn.

## **VERKEFNI SAM**

SAM safnar og vinnur tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar skila tölfraði sem nýtt er til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga, Hagstofu Íslands, tölfraðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum, sem reiknaðar eru milli aðildarfélaga SAM á grundvelli heimildarákvæðis í Búvörulögum.

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM bókhald fyrir Verðtilfærslusjóð SAM og birtir ársreikning sjóðsins í ársskýrslu SAM. Frá árslokum 2008 hefur starfsmaður SAM einnig annast útreikning launa fyrir Mjólkursamsöluna, ásamt öðrum verkefnum vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnnar.

SAM er aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, sem starfa innan Samtaka Iðnaðarins, og tengiliður íslensk mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølkekvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmiðið SAM með þátttöku í erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkurframleiðendum og mjólkuriðnaði.

Mars 2018

Jóhanna Hreinsdóttir, stjórnarformaður